



Klaus-Jürgen Wrede

Carcassonne

1.

Gistihús og dómkirkjur



Þú þarft eintak af CARCASSONNE til að spila þessa viðbót. Þú getur felld inn viðbótina að hluta til eða að fullu. Einnig er hægt að nota hana með öðrum CARCASSONNE viðbótum.

ÍHLUTIR

- 8 þegnar og 1 ábóti (bleikir)
Þetta nýja figúrusett gerir 6-manna leik mögulegan.
- 18 landflísar (merktar með  til að auðvelda þér að aðskilja og flokka flísarnar þínar.)
- 6 stórir þegnar
- 6 stigaflísar 50/100



Franhlið

Bakhlíð



NÝJU LANDFLÍSARNAR

Stokkaðu nýju flísarnar saman við þessar úr grunnspilinu (og öðrum viðbótum sem þú vilt e.t.v. nota). Spilað er með þessar flísar eins og þær úr grunnspilinu.

1. Að leggja niður flís

Nýju landflísarnar eru lagðar niður alveg eins og þær úr grunnspilinu. Sérstakur eiginleiki þeirra kemur í ljós í 3. skrefi.

2. Að setja út þegn

Reglur um að setja út þegna eru óbreyttar frá grunnspilinu. Sérstakir eiginleikar nýju landflísanna eru útskýrðir að neðan.

3. Að fá stig fyrir mannvirki

Að fá stig fyrir veg með gistihúsi

Þegar leikmaður klárar veg með einu eða fleirum gistihúsum, fær leikmaðurinn (eða leikmennirnir hver um sig) 2 stig fyrir hverja flís sem kláraði vegurinn samanstendur af (í stað 1 stigs fyrir hverja flís eins og venjulega).



Þú færð 10 stig fyrir þennan veg. Það er gistihús á honum og þetta er 5-flísa vegur.



Hérna færðu líka 10 stig, þó að það séu 2 gistihús á veginum.

AÐVÖRUN: Í LEIKSLOK FÁST ENGIN STIG FYRIR ÓKLÁRAÐAN VEG MEÐ GISTHÚS.



Lokastigatalning:

Þessi vegur er ókláraður. Þú færð engin stig af því að það er gistihús á honum.

Að fá stig fyrir borg með dómkirkju

Þegar borg með einni eða fleiri dómkirkjum er kláruð, fær leikmaðurinn (eða leikmennirnir hver um sig) 3 stig fyrir hverja flís og skjaldarmerki í kláruðu borginni (í stað 2 stiga).

Þú færð 27 stig fyrir þessa borg.
 $9 \times 3 = 27$ stig
 (7 flísar og 2 skjaldarmerki)




AÐVÖRUN: Í LEIKSLOK FÁST ENGIN STIG FYRIR ÓKLÁRAÐA BORG MEÐ DÓMKIRKJU.€

Lokastigatalning: Þessi borg er ókláruð. Því miður færðu engin stig fyrir hana því þar er dómkirkja.



Hér eru nokkrar útskýringar fyrir nokkrar af nýju flísunum.




Þessi flís sýnir 4 mismunandi borgarhluta og í miðjunni, 1 akur með garði.



Gistihúsið er talið með veginum sem liggja til hægri og vinstri en ekki með þeim sem liggur niður.



Þetta klaustur skiptir veginum í 2 kafla.



Akurinn endar hér.

Ekki má setja út stígamenn á þessa tvo vegarkafla. Þeir eru aðeins til að skipta akrinum í tvennt.



Vegamótin skipta veginum í tvo kafla (efri og neðri).

STÓRIR ÞEGNAR

Á undirbúningsstiginu bætir hver leikmaður stóra þeganum í sínum lit við þegnarbirgðirnar sínar.



1. Að leggja niður flís

Stóru þegnarir hafa engin áhrif á flísalagninguna. Áhrifum þeirra er lýst í 2. og 3. skrefi.

2. Að setja út þegn

Í stað þess að setja út venjulegan þegn þegar þú átt leik, getur þú sett úr stóra þegnann þinn. Reglurnar eru þær sömu og fyrir venjulega þegna.

3. Að fá stig fyrir mannvirki

Þegar stig eru talin fyrir mannvirki þar sem stór þegn er staðsettur, jafngildir stóri þegninn 2 venjulegum þegnum. (Hann er jafn stór og tveir þegnar!)

Ábending: Mundu að allir leikmenn með jafnan fjölda flestra þegna á einum stað fá öll stigin.

Ef þú átt fleiri þegna en hinir leikmennirnir á einum stað færð þú öll stigin en andstæðingarnir engin.

Þegar búið er að telja stigin fyrir mannvirki, er stóru þegnunum skilað í birgðir eiganda síns til að nota í næstu umferð.

Að leggja niður þessa flís klárar borgina.

Þú átt stóran þegn í borginni og **svartur** á venjulegan þegn. Það þýðir að **þú** hefur meirihluta og færð 8 stig. Því miður fyrir hann, fær **svartur** engin stig.



Ef þú notar stóran þegn sem **bónða** (eins og skýrt er í viðbótarreglum grunnspilsins), setur þú hann út liggjandi á akurinn, eins og þú myndir gera með venjulegan þegn. Stóri þegninn telst þá sem 2 bændur á þeim akri.

Þú setur út stóra þegnn þinn sem bónda á þennan akur. **Blár** á aðeins einn venjulegan þegn þar. Góður leikur! Aðeins **þú** færð 9 stig fyrir 3 klárðar borgir.



STIGAFLÍSAR

Stigaflísarnar eru aðeins notaðar þegar mannvirki eru talin til stiga.

3. Að fá stig fyrir mannvirki

Þessar nýju stigaflísar auðvelda þér að fylgjast með stigatalningunni. Ef þér tekst að klára umferð á stigaöflunni (=50 stig), færðu stigaflís. Settu hana fyrir framan þig með hliðina sem sýnir 50 stig upp. Síðan heldur þú áfram að telja stigin á hefðbundinn hátt. Í leikslok bætir þú einfaldlega 50 stigum við stigafljóla þinn.

Ef þér tekst að fara í kringum stigaöfluna í annað sinn, snýrðu flísinni við til að sýna hliðina með tölunni 100.

Notaðu auka stigaflís ef þér tekst að fara kringum stigaöfluna í þriðja sinn.

Þú ert með 48 stig og færð 4 stig. Þú hefur farið hring á stigaöflunni og færð stigaflís sem þú geymir fyrir framan þig svo 50 snýr upp.



Vesturbrú 1
210 Garðabær
Ísland
Sími 896 8888
www.nordicgames.is

© 2002, 2015 Hans im Glück Verlags-GmbH.
© 2018 Nordic Games, allur réttur áskilinn.
Leikhlutir geta verið ólíkir myndum.
Aðvörun! Köfnunarhætta. Ekki ætlað börnum undir 3ja ára. Inniheldur smáhluti sem hægt er að gleypta.
Framleitt í Þýskalandi.